

Reykjavíkurborg kt.530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík og Lifandi viðburðir kt. 550818-1240 (hér í samningi þessum nefnt LV), gera með sér svofelldan

SAMNING

1.0 Aðstaða

1.1 LV fær aðstöðu fyrir tónleikahald, Sólstöðuhátíð (e. Secret Solstice Festival), dagana 21.-23. júní 2019 í Laugardalnum.

Umsókn um afnotaleyfi skal berast skrifstofu reksturs- og umhirðu hjá Reykjavíkurborg (hér eftir nefnd SRU) fyrir 15. maí 2019 og ef LV uppfyllir öll skilyrði slíks leyfis mun það veitt fyrir 1. júní 2019.

1.2 LV fær aðstöðu á útisvæði sem Reykjavíkurborg hefur umráð yfir í Laugardal sbr. forsk. 1:

- Þróttaravöllur
- Svæði við þvottalaugar fyrir barnastarf og svið.

Svæði milli Laugardalsvallar/KSÍ bílastæði og Þróttar sem að tengist við Þróttaravöllinn.

1.3 Tónleikar á grasvelli og útisvæðum verða haldnir á eftirfarandi tímum:

Föstudagur 21. júní kl. 16:00-23:30

Laugardagur 22. júní kl. 14:00-23:30

Sunnudagur 23. júní kl. 14:00-23:30

- 1.4 Aldurstakmörk á tónleikum er 18 ár nema í fylgd með forráðamanni. Vegna áfengiskaupa þarf að framvísa skilríkjum á sérstaklega tilgreindum stöðum og fá afhent armband sem veitir gestum heimild til að kaupa áfengisveitingar. Sækja þarf um slíkt armband fyrir hvern dag sem hátíðin fer fram.
- 1.5 Hljóðprufur á útisvæðum hefjast ekki fyrir kl. 10:00, dagana frá og með 21. til og með 23. júní 2019.
- 1.6 Tímasetningar hátíðarhalds og gestafjöldi tekur mið af tækifærisleyfi sýslumanns, sem tónleikahaldarar skulu sækja um.
- 1.7 Tónleikahaldarar gera ráð fyrir að hámarksfjöldi hátíðargesta á útisvæðum verði sambærilegur og 2018. LV skal tryggja að fjöldi þeirra verði ekki meiri en 20.000.

2.0 Gildistími

- 2.1 Samningur þessi er tímabundinn, en LV fær svæðið að hluta til frá kl. 9:00 þann 9. júní 2019 til kl. 23:30 þann 27. júní 2019.

LV er heimilt að koma upp sviðum, aðstöðu til veitingasölu, salernum, girðingum og öðrum fylgihlutum frá upphafi leigutíma utan valla. Þróttaravöllur verður að hluta til, til ráðstöfunar frá kl. 9:00 þann 9. júní 2019 og skal skilað eigi síður en kl. 23:30 þann 27. júní 2019. Takmarka skal eins og unnt er þann dagafjölda, fyrir og eftir tónleika, sem

Þvottalaugavegur (göngustígur) er lokaður. Áherslu skal leggja á að tæma og hreinsa Þróttaravöll eins fljótt og auðið er.

3.0 Samstarf

3.1 LV ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar og leggur sig fram um að skapa sem besta og jákvæðasta umfjöllun og kynningu á hátíðinni í innlendum sem erlendum fjölmiðlum.

3.2 Á öllu kynningarefni tónlistarhátíðarinnar jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að hátíðin sé styrkt af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið í öllu kynningar- og markaðsefni tónlistarhátíðarinnar, þ.á.m. á vefsvæði hátíðarinnar, í auglýsingum, veggspjöldum, bæklingum, markaðspósti, boðskortum og þegar hátíðin er kynnt í fjölmiðlun, þar sem því verður viðkomið.

3.3. Hafa skal náið samstarf við Höfuðborgarstofu Reykjavíkurborgar til að kynna og markaðssetja hátíðina sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík þ.á.m. á vef- og samfélagsmiðlum. Samráð skal jafnframt haft við Höfuðborgarstofu um dagskrá fyrir erlenda fjölmiðlamenn sem koma til Reykjavíkur í tengslum við hátíðina. Frekara samtarf um móttöku erlendra fjölmiðla verður samkvæmt nánara samkomulagi á milli tónlistarhátíðarinnar og Höfuðborgarstofu á hverjum tíma,

3.4. Secret Solstice tónlistarhátíðin ber ábyrgð á að tónlistarhátíðinni og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. LV ber ábyrgð á skuldbindingum sem hátíðin eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning þ.m.t. uppgjóri við alla hlutaðeigandi aðila.

4.0 Greiðslur

4.1 Reykjavíkurborg styrkir tónlistarhátíðina Secret Solstice Festival 2019, á þeim forsendum að hátíðið höfði meira til fjölskyldufólks en verið hefur. Styrkur Reykjavíkurborgar nemur kr. 8.0 millj. Styrkur Reykjavíkurborgar gengur upp í uppgjör á eftirstöðvum skulda við Reykjavíkurborg sbr. forsk. 2.

4.2 Endanlegu uppgjóri vegna tónleikahátíðar í júní 2018 og vegna viðgerða á völlum og hreinsun svæða á vegum Solstice Productions kt. 440299-2969 skal vera lokið fyrir 1. ágúst 2019. Greiðslur verða með þeim hætti að fyrir 30. maí 2019 - verði greiddar kr. 11.6 millj. skv. nánara samkomulagi milli aðila um einstaka gjalddaga, sbr. forsk 2 til Reykjavíkurborgar.

4.3 Allar greiðslur LV til Reykjavíkurborgar skulu greiddar á gjalddaga samkvæmt reikningum frá Reykjavíkurborg skv. forsk. 2.

4.4 Reykjavíkurborg annast uppgjör við Þrótt, umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt USK) vegna greinar 6.3. LV semur við og annast uppgjör við

heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, ÍBR vegna skautahallarinnar og Ármann vegna Laugarbóls. LV semur við KSÍ vegna rafmagnsmála frá Laugardalsvelli vegna Þróttaravallar.

Uppgjörum þessum skal lokið fyrir 15. júlí 2019.

5.0 Afhending og skil.

5.1 LV afhendir svæðið í því ástandi sem það verður í við upphaf leigutíma og LV mun kynna sér. LV tekur niður og setur upp girðingar á sinn kostnað, sé þess þörf, í samráði við Reykjavíkurborg.

5.2 Klukkan 09:00 að morgni þann 18. júní 2019, er LV heimilt að byrja að skreyta svæði í Laugardal, samkvæmt nánari áætlun sem kynnt verður umhverfis- og skipulagssviði. Um önnur svæði sem verður nánar skilgreint í afnotaleyfi. LV skulu valda sem minnstri truflun á íþróttastarfsemi Þróttar frá og með 13. júní til og með 15. júní 2019. Íþróttæfingar skulu geta farið fram á þríhyrningi og á gervigrasvelli Þróttar á undirbúningstíma fyrir tónlistarhátíðina og frágangsdögum eftir tónlistarhátíðina. Bifreiðastæði vestan gervigrasvallar Þróttar verða ekki til ráðstöfunar vegna tónleika heldur verða nýtt fyrir almenn bílastæði m.a. vegna Þróttar og Laugardalshallar. Bifreiðastæði við Laugardalsvöll verður lokað fyrir bílastæði tónleikagesta á tónleikadögum.

5.3 LV er kunnugt um að landsleikur í knattspyrnu fer fram á Laugardalsvelli þriðjudaginn 11. júní kl. 18:45, leikur Þróttar í Incasso deildinni fer fram á gervigrasvelli Þróttar

miðvikudaginn 19. júní kl. 19:15. Jónsmessuhlaup Íþróttabandalags Reykjavíkur (hér eftir nefnd ÍBR) fer fram í Laugardalnum fimmtudaginn 20. júní 2019 kl. 21:00-00:00 (hlaupaleiðir skv. fskj.) og að útskrift Háskóla Íslands sem fer fram í Laugardalshöll laugardaginn þann 22. júní 2019 kl. 14:00-17:00 (seinni viðburður) og tónleikar í Laugardalshöll þriðjudaginn 25. júní 2019.

LV skulu taka sérstakt tillit til þessara viðburða og þeirra ábendinga sem koma frá ÍBR og Íþrótt- og sýningarhöllinni vegna þeirra með tilliti til umferðar, þrifa og hávaða. Sérstaklega skal leigutaki taka tillit vegna hávaða á tímabilinu 14:00-17:00 þann 22. júní 2019. Sérstaklega skal tryggja að allt umhverfi í kringum Laugardalshöll verði með ásættanlegum hætti að morgni 22. júní 2019 áður en útskrift HÍ hefst og tónleikar hefjast í Laugardalshöll 25. júní 2019.

5.4 LV skal skila hinu leigða í sama og ekki lakara ástandi og það verður í við afhendingu 9. júní 2019. LV skuldbinda sig til að gera fullnægjandi ráðstafanir, að mati Reykjavíkurborgar, til verndar mannvirkjum, þ.á.m. Grasagarðinum og einkum skal þess gætt, að æfinga- og keppnisvellir verði ekki fyrir tjóni vegna hátíðarinnar.

LV skulu setja yfirbreiðslu á álagssvæði við svið og við inngöngu á vellina og girðingu fyrir framan svið.

Í framangreindu felst m.a. að LV ber að leggja yfirbreiðslu eða dúk yfir þann hluta Þróttaravallar þar sem fyrirsjáanlegt er að ágangur tónleikagesta verði mikill. Girðingar umhverfis Þróttaravöll verða teknar niður að hluta og síðan við innganga á Þróttaravöll.

Skal þetta gert í samstarfi við Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélagið Þrótt.

Tónleikahaldarar setja girðingar umhverfis núverandi girðingar til að bæta öryggi. LV skal girða af þvottalaugarnar í Laugardal á tímabilinu 20.-25. júní 2019.

Reykjavíkurborg mun láta verkfræðistofuna EFLU gera úttekt á Valbjarnarvelli fyrir og eftir tónleika og verða lagfæringar í samræmi við þá úttekt.

Tryggja skal að akstur bifreiða og þungavinnuvéla verði ekki á grassvæðum og Þróttaravelli. Takmarka skal umferð á grassvæðum og gerðar verða ráðstafanir til að vernda grasið. Undir búnað svo sem sviðsvagna og snyrtingar sem fara inn á grassvæði og velli verður lagður sérstakur búnaður til að vernda grassvæði.

LV mun gera skilti til uppsetningar við íbúðabyggð vestan Reykjavegar þar sem tónleikagestir eru hvattir til að ganga snyrtilega og hljóðlega um.

LV er kunnugt um að á vegum Þróttar fer fram stór íþróttaviðburður, Rey-Cup í júlí 2019 og að leigutaka ber að tryggja að Þróttaravöllur verði ekki fyrir skemmdum og verði skilað í sama og ekki lakara ástandi og við afhendingu sbr. gr. 5.1.

Allt skal þetta gert í fullu samráði og undir eftirliti Reykjavíkurborgar sem er eigandi allra mannvirkja og ráðgjafa á vegum Reykjavíkurborgar.

5.5 Þann 26. júní 2019 munu fulltrúar LV og Reykjavíkurborgar skoða svæði og velli og meta hvort viðgerða sé þörf. Telji Reykjavíkurborg að viðgerða sé þörf á völlum, stígum og umhverfi skal gera þær á kostnað LV.

5.6 Afhending svæðisins til Reykjavíkurborgar þ.m.t. vellir, stígar, bifreiðastæði við Laugardalshöll og Laugardalsvöll skal fara fram eigi síðar en á miðnætti 28. júní 2019.

6.0 Aðrir samningar

6.1 LV skal sækja um afnotaleyfi vegna tónleikanna hjá umhverfis – og skipulagssviði. Þar skulu koma fram skilyrði hvað varðar tímasetningu tónleika á útisvæði og tillit til vegfarenda og hreinsun athafnasvæðis tónleikahaldara og borgarlands. LV mun greiða umhverfis- og skipulagssviði fyrir þessi afnotaleyfi samkvæmt gjaldskrá.

LV skal greiða kostnað vegna verktakavinnu við hönnun og skipulag svæðisins, sé þess þörf.

6.2 Tveimur vikum fyrir upphaf tónleikanna skal LV afhenda Reykjavíkurborg afrit af umsögnum slökkviliðs, lögreglu og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar og öryggisáætlun vegna tónleikahátíðarinnar. LV skulu bregðast við þeim athugasemdum sem gerðar eru í framangreindum umsögnum og bera þann kostnað sem til stofnast vegna þess.

6.3 Sorphirða og hreinsun svæðis er alfarið á kostnað LV.

Að loknu tónleikahaldi dag hvern, skulu LV sjá til þess að grasvellir, tónleikasvæðið og næsta nágrenni sé hreinsað og þrifið. Skal þetta gert í samstarfi við fulltrúa Reykjavíkurborgar og Þróttar. LV skulu koma fyrir snyrtingum við aðgönguhlið inn á

tónleikana og bera ábyrgð á hreinsun þeirra og kostnaði vegna þeirra. Heimilt er að setja upp girðingar, hlið, tjöld og annan búnað á svæði sunnan Laugardalsvallar frá og með 12. júní 2019. LV ber ábyrgð á hreinsun á öllu svæði innan girðinga sem LV hefur til ráðstöfunar á meðan á tónleikum stendur og strax að loknum tónleikum. Svæði þetta er merkt a) á fylgiskjali 3 með samningi þessum. Reykjavíkurborg mun annast þrif og hreinsun á bílastæðum og nánasta umhverfi tónleikasvæða dag hvern. Svæði þetta er merkt b) á meðfylgjandi fylgiskjali 3. Reykjavíkurborg mun annast götuhreinsun daglega á umferðargötum í Laugardalnum og næsta nágrenni á meðan tónleikar fara fram. Lokaþrif skulu hefjast þegar að loknum tónleikum 24. júní 2019. Öll lokaþrif að afloknum tónleikum skulu hafa farið fram eigi síðar en 28. júní 2019.

6.4 Greiðsla skatta, opinber gjalda, virðisaukaskatts og STEF gjalda er alfarið á ábyrgð LV.

7.0 Samskipti

7.1 Varðandi samskipti við þá aðila sem koma að tónleikahaldi sbr. samning þennan skulu þau vera við eftirfarandi aðila:

- Heilbrigðis- og matvælaeftirlit Starfsmenn HER
- Eldvarnarmál Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Eldvarnareftirlit.
- Próttur Framkvæmdastjóri og íþróttafulltrúi Próttar
- USK Fulltrúi SRU
- Ármann Framkvæmdastjóri Ármanns

- ÍTR v/vallarmála Starfsmenn ÍTR og EFLU
- Lögregla Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
- SFS Miðbæjarathvarf

7.2 Sérstakur samstarfshópur LV og fulltrúa Reykjavíkurborgar, sem Reykjavíkurborg skipar, skal settur á laggirnar fyrir 29. maí 2019 og skal hópurinn m.a. annast samskipti við Reykjavíkurborg, Þrótt, Ármann, lögreglu, slökkvilið, miðbæjarathvarf, foreldrafélög grunnskóla í nágrenni Laugardals, Strætó, umhverfis – og skipulagssvið, menningar – og ferðamálasvið, samstarfshóps Reykjavíkurborgar um forvarnir.

Sérstök áhersla skal lögð á forvarnarstarf, eftirlit með aldursmörkum og ákvörðun gr. 1.4 verði framfylgt.

Reykjavíkurborg skal tryggð aðgangsskírteini að tónleikunum fyrir fulltrúa Reykjavíkurborgar í forvarnar- og eftirlitsmálum skv. nánari samkomulagi.

8.0 Vanefndaúrræði, o.fl.

8.1 Um vanefndir, vanefndaúrræði o.s.frv. gilda almennar reglur íslensks samningaréttar, kröfuréttar og skaðabótaréttar að svo miklu leyti sem annað kann ekki að leiða af samningi þessum.

8.2 LV áskilur sér rétt til að aflýsa viðburðinum eða einstökum atriðum hans, m.a. vegna óviðráðanlegra ytri aðstæðna (force majeure). LV ber að tilkynna Reykjavíkurborg um slíkar aðstæður svo fljótt sem verða má. Samningsaðilar eru sammála um að aflýsing

viðburðarins eða einstakra atburða hans feli ekki í sér brot á samningi þessum og að skyldur samningsaðila samkvæmt samningnum falli sjálfkrafa niður við aflýsingu viðburðarins í heild sinni.

8.3 LV skulu í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við samning þennan. Vanefni LV þær, er Reykjavíkurborg heimilt að beita öllum lögformlegum vanefndarúrræðum. Verði Reykjavíkurborg fyrir tjóni af völdum vanefnda LV er LV að fullu ábyrgt fyrir bótum vegna þess tjóns. Leiti LV nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé óskað gjaldþrotaskipta á búi félagsins eða ef gert er árangurslaust fjárnám hjá LV, hvenær sem er á samningstímanum, getur Reykjavíkurborg án frekari fyrirvara sagt samningi þessum upp.

8.4 Verð um ítrekaðar eða verulegar vanefndir af hálfu LV að ræða getur Reykjavíkurborg sagt upp samningi þessum, án frekari fyrirvara, jafnvel þó tónlistarhátíðin standi yfir, án þess að LV öðlist rétt til bóta úr hendi Reykjavíkurborgar.

9.0 Önnur ákvæði

9.1 Samningur þessi er byggður á samþykkt borgarráðs frá 1. október 2015 um leyfi vegna tónleikanna til 5 ára.

9.2 Sérstakur samstarfsfundur LV og þeirra aðila sem tengjast undirbúningi tónleikanna skal haldinn fyrir lok maí mánaðar 2019, áður en endanlegt leyfi er gefið út. Er þar átt við fulltrúa Reykjavíkurborgar, (velferðarsvið, starfshópur um forvarnir) Þróttar, Ármanns, skóla- og frístundasviðs, foreldrafélög grunnskóla í nágrenni Laugardals, lögreglu, slökkviliðs, heilbrigðiseftirlits, ÍBR, Þjónustumiðstöðvar Laugardals, íbúasamtaka Laugardals o.fl. LV munu boða til þessa fundar.

LV skulu halda fund með íbúum í næsta nágrenni Laugardals þremur vikum fyrir tónleikana.

Aðgangur fyrir starfsmenn frístundamiðstöðva og eftirlitsaðila á vegum Reykjavíkurborgar skal tryggður að tónleikasvæði.

9.3 LV hefur fengið og kynnt sér þær athugasemdir sem Reykjavíkurborg hafa borist vegna tónleikanna 2018. LV skulu taka tillit til þeirra athugasemda og ábendinga sem snúa beint að tónleikahaldi, undirbúningi og gæslu og frágangi, sbr. fylgiskjal 4 og tryggja eftir fremsta megni að ekki verði ástæða til að gera sömu eða sambærlegar athugasemdir og ábendingar vegna tónlistarhátíðarinnar sumarið 2019.

9.4 Á meðan tónlistarhátíðinni stendur mun Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur láta fara fram hávaðamælingar á tónleikasvæðinu og skal það gert í samstarfi við LV. Komi í ljós að hávaði vegna tónlistarhátíðarinnar er yfir heilsuverndarmörkum skal LV sjá til þess að hávaði vegna tónleikahalds lækki undir heilsuverndarmörk.

9.5 Að aflokinni tónlistarhátíðinni 2019 munu samningsaðilar fara yfir reynslu af fyrirkomulagi og framgangi tónleikanna. Skal að því stefnt að ljúka gerð nýs samnings fyrir 1. sept. 2019 ef LV hyggja á frekara tónleikahald í Reykjavík árið 2020.

Auglýsingar og miðasala vegna tónleika í Reykjavík 2020, skal ekki hefjast fyrr en eftir að fyrir liggur samningur um það við Reykjavíkurborg vegna tónleika 2020 eða leyfi Reykjavíkurborgar um forsölu.

Forsenda fyrir slíku leyfi er að uppgjör við Reykjavíkurborg og aðra aðila hafi farið fram, sbr. gr. 4.2, 4.4 og 5.5.

Vegna fyrirhugaðra tónleika árið 2020 er sá fyrirvari settur af hálfu Reykjavíkurborgar hvort tónleikasvæði í Laugardal verði hæft til tónleikahalds vegna framkvæmda við íþróttamannvirki í Laugardal

9.6 LV er óheimilt að framselja réttindi samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila eða setja slík réttindi til tryggingar fjárskuldbindinga með öðrum hætti.

Allar breytingar á samningi þessum skulu vera skriflegar og samþykktar af báðum aðilum.

9.7 Um samning þennan gilda íslensk lög og reglur. Rísi ágreiningur um efni hans eða efndir skulu samningsaðila eftir fremsta megni reyna að leysa úr þeim ágreining sínum á milli. Takist það ekki og telji annar hvor samningsaðila þörf á að höfða dómsmál vegna þessa samnings skal slíkt mál rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

9.8 Samningur þessi er undirritaður af löglegum umboðsmönnum samningsaðila í viðurvist tveggja vitundarvotta. Þeir er rita undir fyrir hönd samningsaðila lýsa því yfir að þeir hafi fulla heimild til þess að skuldbinda viðkomandi samningsaðila í samræmi við lög og reglur og samþykktir viðkomandi samningsaðila.

9.9 Samningur þessi samanstendur af tölusetnum blaðsíðum og er gerður í tveimur samhljóða eintökum og skal hvor aðili halda eftir einu frumeintaki. Umboðsmenn skulu setja upphafsstafi sína á allar síður þessa samnings.

Reykjavík, maí 2019

F.h. Lifandi viðburðir ehf.

F.h. Reykjavíkurborgar

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

(nafn, kt.)

Samþykkt í borgarráði í maí 2019.

Fylgiskjal 4

Umsagnarbréf frá eftirtöldum aðilum bárust vegna tónleikanna 2018.

- Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins
- Miðbæjarathvarfi
- Frístundamiðstöðvum í Reykjavík
- Íbúasamtökum Laugardals
- Íþróttabandalagi Reykjavíkur
- Knattspyrnufélaginu Þrótti
- Foreldrafélagi Laugalækjarskóla
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur
- Grasagarðinum
- Skrifstofu rekstur og umhverfis hjá Reykjavíkurborg

Fylgiskjal 2.

Greiðsluáætlun vegna uppgjörs fyrir tónleika SS 2018

11.600.000 kr vegna samnings

7.400.000 kr vegna endurbóta á völlum o.fl.

30. maí 2019 3.600.000 mkr

25. maí 2019 8.000.000 mkr

25. maí 2019 -8.000.000 mkr skuldajöfnun

Alls 11.600.000 mkr

15. júlí 2019 4.000.000 mkr

30. júlí 2019 3.400.000 mkr.